



Reglur um Hvatapeninga

Öll börn 5-18 ára með skráð lögheimili í Skagafirði eiga rétt á Hvatapeningum. Iðkendur eiga rétt á styrk frá og með því ári sem 5 ára aldri er náð, til og með því ári sem 18 ára aldri er náð. Hvatapeninga er hægt að nýta til að greiða niður æfinga-/þátttökugjöld í skipulögðu íþrótta-, lista- og tómstundastarfi og er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu, fjölbreytileika íþrótta-, lista- og tómstundastarfs og styrkja félagslegt umhverfi og hafa jákvæð áhrif á þroska barna og unglunga.

Hvatapeningum er úthlutað til barna í formi styrks sem foreldrar/forráðamenn geta ráðstafað til aðila sem standa fyrir skipulögðu frístundastarfi og falla undir styrkhæfisviðmið sveitarfélagsins. Hvatapeninga má nýta að fullu eða hluta til niðurgreiðslu æfinga-/námskeiðsgjalda og geta foreldrar/forráðamenn ráðstafað þeim hvenær sem er yfir árið og óháð fjölda greina/námskeiða. Réttur til Hvatapeninga fellur niður í árslok. Ónýttir Hvatapeningar nýtast ekki milli ára. Ráðstöfun er endanleg. Ekki er hægt að endurgreiða eða bakfæra hvatapeninga þegar foreldri/forráðamaður hefur ráðstafað styrknum til niðurgreiðslu æfinga-/námskeiðsgjalda til félaga. Styrkur getur aldrei orðið hærri en æfinga-/þátttökugjald viðkomandi frístundatilboðs.

Skilyrði þess að hægt sé að nýta Hvatapeningana er að um skipulagt íþrótta-, lista- og tómstundastarf sé að ræða og sé stundað undir leiðsögn viðurkenndra þjálfara, leiðbeinenda eða kennara. Börn undir 18 ára aldri skulu ekki starfa við þjálfun eða leiðbeinendastörf í barnastarfi ein síns liðs. Aðalþjálfari og leiðbeinandi getur þó haft einstaklinga undir 18 ára aldri sér til aðstoðar. Þetta á við um allt skipulagt íþrótta-, lista- og tómstundastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, tónlistarskóla, skáta sem og önnur námskeið skipulögð af Skagafirði, sbr. Sumar-TÍM. Almennt skal miða við að námskeið nái yfir 10 vikur samfellt. Frístundastjóri sker úr um hvort námskeið teljist styrkhæf, og ber sína tillögu undir samþykki félagsmála- og tómstundaneftndar ef vafi leikur á.

Hvatapeninga er ekki hægt að nýta til kaupa á æfingakorti í líkamsræktarstöð en skipulögð unglinganámskeið innan líkamsræktarstöðva falla undir styrkinn. Undantekning frá þessu eru ungmenni á 16. - 18. aldursári en þau geta nýtt Hvatapeninga til kaupa á æfingakortum.

Samþykkt á fundi félagsmála- og tómstundaneftndar 10.nóvember og sveitarstjórn 14. desember 2022